

Mál nr. 205/2018**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Krafa um miskabætur skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993
vegna umferðarslyss 23.6.2015.****Gögn.**

Málskot móttakið 20.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.

Bréf V dags. 29.6.2018.

Málsatvik.

Dóttir M, lést eftir umferðarslyss, en hún var farþegi í A þegar ökumaður missti stjórn á A og lenti bifreiðin utan vegar með ofangreindum afleiðingum. M krefst bóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Af hálfu M er á því byggt að dauði dóttur M verði rakin til stórkostlegs gáleysis ökumanns A. M vísar til þess að skyggni hafi verið slæmt og engin lýsing á veginum og bifreiðin hafi snúist án sýnilegra ástæðna áður en A lenti utanvegar. Samkvæmt lögregluskýrslu var A skv. hjólförum ekið á hægri helmingi vegarins og hafi A snúist á veginum og farið útaf vinstra megin. Í lögregluskýrslunni segir að farþegi bifreiðarinnar hafi kastast út úr A og eftir skoðun á A er talið að farþeginn hafi ekki verið í bílbelti. V hafnar því að umferðarslysinu hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi og M eigi rétt á bótum á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. V segir að ekkert slystað bendi til þess að hver orsök slyssins hafi verið, en ljóst sé að ökumaður A hefði misst stjórn á A en ekkert í gögnum málsins varpi ljósi á hvers vegna það var. Þá vísar V til að ekkert sé vitað um aksturslag ökumanns eða hvort ekið var of hratt í umrætt sinn. Þá segist V ekki hafa upplýsingar um ökuréttindi ökumanns A.

Álit.

Í málinu er gerð krafa til þess að úrskurðað verði að M, sem er faðir stúlku sem lést í umferðarslysi eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þar sem ökumaður A sem dóttir M var farþegi í hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins eru rakin atvik svo sem þau hafa verið leidd í ljós og aðstæður á vettvangi umferðarslyssins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og á M því ekki rétt á bótum skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr hendi V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr hendi V.

Reykjavík 14.8. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.